FÉLA3CS05

ALÞJÓÐASTJÓRNMÁL

**Hæfniþrep:**
Áfanginn er á þriðja þrepi.

**Undanfari:**
FÉLA2BB05 eða FÉLA2BS05

**Áfangalýsing:**
Í reynd má segja að heimurinn hafi tengst saman í eitt allsherjar kerfi þar sem einn er öðrum háður. Þær ákvarðanir sem teknar eru á alþjóðavettvangi og þeir atburðir sem af þeim leiða snerta hvert mannsbarn á þessari jörð. Í áfanganum fá nemendur innsýn í alþjóðastjórnmál og um hvað þau snúast. Nemendur kynnast kenningum sem nýta má til að skoða alþjóðlega kerfið, samskipti ríkja og ákvarðanatökur. Mikilvægar vörður í átaka- og friðarsögu frá lokum Seinni heimstyrjaldar til dagsins í dag eru skoðaðar og settar í samhengi auk þess sem nemendur afla sér þekkingar um málefni líðandi stundar.

**Námsmat:**
Námsmat er í formi prófa og verkefnavinnu.